

Því úrskurðast:

Hin umbeðna lögtaksgerð á fram að ganga á ábyrgð gerðarbeiðanda. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 31. janúar 1951.

Nr. 143/1950. **Vinnufatagerð Íslands h/f**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

**Guðlaugu Vilhjálmsdóttur** (Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson  
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Konu, sem vann í verksmiðju, dæmd vinnulaun nokkra daga, er hún var frá vinnu sökum veikinda.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi, sem skotið hefur málinu til Hæstaréttar með stefnu 17. nóvember 1950, krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hennar fyrir báðum dómum eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda kr. 500.00 í málskostnað í Hæstarétti.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Vinnufatagerð Íslands h/f, greiði stefnda, Guðlaugu Vilhjálmsdóttur, kr. 500.00 í málskostnað í Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. sept. 1950.**

Mál þetta, er dómtekið var 11. þ. m., hefur Guðlaug Vilhjálmstöttir, Snorrabraut 52 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. desember s.l., gegn hlutafélaginu Vinnufatagerð Íslands hér í bænum til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 336.00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1949 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Stefnandi máls þessa hefur unnið hjá stefnda síðastliðin 14 ár. Dagana 21. apríl 1949 til 1. maí s. á. var hún frá vinnu sökum veikinda. Heldur hún því fram, að samkvæmt 64. gr. laga nr. 50 frá 1946 beri henni kaup fyrir daga þessa, kr. 42.00 á dag, eða samtals kr. 336.00.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því, að árið 1944 hafi verið felld niður sú skylda íslenzkra iðnrekenda að greiða kaup fyrir veikindadaga, þegar samið hafi verið um kaup og kjör milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju, félags verksmiðjufólks. Hafi ákvæði þetta ekki verið tekið upp í samninga síðan og beri stefnda því ekki skylda til þess að greiða stefnanda laun fyrir daga þá, sem hún hafi verið frá vinnu sökum veikinda.

Í 11. gr. nágildandi samnings milli Félags íslenzkra iðnrekenda og Iðju segir, að verkafólk, sem unnið hafi þrjá mánuði samfleytt eða lengur hjá sama iðnrekenda, skuli teljast fastafólk. Eins og fyrr segir, hefur stefnandi unnið síðastliðin 14 ár hjá stefnda og var því fastur starfsmaður. Þá segir í 64. gr. laga nr. 50 frá 1946 um almannatryggingar, að fastir starfsmenn skuli aldrei missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau séu greidd, fyrstu fjórtán dagana, eftir að þeir forfallist frá vinnu sökum sjúkdóma eða slysa. Með vísan til þessa svo og 1. gr. sömu laga verður að telja, að stefnandi eigi rétt til greiðslu launa fyrir daga þá, sem hún var frá vinnu sökum veikinda. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Ber stefnda að greiða stefnukröfuna með vöxtum, svo sem krafizt er, svo og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 200.00.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

**Dómsorð:**

Stefndi, Vinnufatagerð Íslands h.f., greiði stefnanda, Guðlaugu Vilhjálmstöttur, kr. 336.00 með 6% ársvöxtum frá 1. maí 1949 til greiðsludags og kr. 200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbertingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.